# REKSTRARLEYFI
# FE-1107

Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðan greinds:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Leyfishafi: | **Matorka ehf.** | Kennitala: | **500412-0540** |
| Starfsstöð: | **Fellsmúli, 851 Hella** | Hámarkslífmassi: | **350 tonn** |
| Gildir frá: | **26.05.2026** | Gildir til: | **26.05.2042** |
| Starfsemi: | **Landeldi, seiðaeldi** | | |
| Tegundir: | | | |
| Lax / *Salmo salar* | | **Frjór lax** | StofnFiskur |
| Regnbogi / *Oncorhynchus mykiss* | | | Danmörk |
| Bleikja / *Salvelinus alpinus* | | | Hólar |
| Tilapia/beitarfiskur / Oreochromis niloctics | | | Kanada |

*Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og eldissvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.*

*Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar.*

*Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna stroks sé staðsett á starfsstöðinni og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem missir fisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga.*

*Rekstrarleyfishafi ber skyldu til að halda skrá yfir uppruna eldislaxa sem byggir á gagnagrunni um erfðaefni hjá framleiðanda hrogna.*

*Gildistaka rekstrarleyfis er háð úttekt Matvælastofnunar. Gildistaka rekstrarleyfis fiskeldisstöðva á landi er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.*

mast
Matvælastofnun
Icelandic Food and Veterinary Authority

*Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 462/2021(sem innleiðir reglugerð ESB nr. 2016/429) um smitandi dýrasjúkdóma, með síðari breytingum og ber rekstrarleyfishafa uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.*

*Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.*

Hrönn Jörundsdóttir

Hrönn Ólína Jörundsdóttir, forstjóri

Matvælastofnun
Icelandic Food and Veterinary Authority